



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 23/2008 í kvörtunarmáli um meðferð póstsendinga

I.

Kvörtun

Þann 17. mars s.l. barst Póst- og fjarskiptastofnun kvörtun [1], hér eftir nefndur kvartandi, dags. 13. mars 2008, þess efnis að Íslandspóstur hf. hafi með ógætilegri meðferð við dreifingu og meðhöndlun umslags sem honum var sent frá Bandaríkjunum, eyðilagt 30 frímerki af þeim 43 frímerkjum sem á umslaginu voru.

Í kvörtuninni þar sem kvartandi gerir grein fyrir sjónarmiðum sínum, kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Krafa undirritaðs er að fá úr því skorið hvort starfsmönnum Íslandspósts sé í raun og veru heimilt að meðhöndla póstsendingar eins og þeim sýnist, skrifa á umslög eða pakka, setja límmiða og plastvasa eftir eigin geðþótta á umslög eða pakka þrátt fyrir ákvæði 24., 31., og 34. og 49. greinar laga um pósthjónustu.“

Að auki fer kvartandi fram á að Íslandspóstur hf. bæti sér tjónið.

II.

Bréfaskipti og málavextir

Kvartandi hafði fyrst samband við Póst- og fjarskiptastofnun 14. janúar s.l., þegar hann sendi á stofnunina afrit af bréfi sínu til Íslandspósts hf. þar sem fram kom kvörtun hans til fyrirtækisins vegna meðhöndlunar Íslandspósts hf. á sendingu sem kvartandi fékk senda frá Bandaríkjunum. Sneri kvörtunin eingöngu að meðhöndlun frímerkja umslaginu utanverðu, en ekki innihaldi bréfsins. Taldi Póst- og fjarskiptastofnun ekki tilefni til sérstakra aðgerða eða nánari skoðunar nema kvartandi myndi snúa sér beint til stofnunarinnar, til að mynda með formlegri kvörtun.

Þann 12. febrúar, barst Póst- og fjarskiptastofnun bréf frá kvartanda dags. 11. febrúar, sem hafði að geyma afrit af frekari bréfaskriftum kvartanda við Íslandspóst hf. Kom fram í bréfi kvartanda, að honum hefðu ekki borist nein svör frá Íslandspósti hf. vegna kvörtunarinnar.

¹ Nafn kvörtunaraðila fellt burt vegna trúnaðar.

Þann 26. febrúar barst Póst- og fjarskiptastofnun með bréfi dags. 15. febrúar, afrit af svari Íslandspóstshf. við kvörtuninni.

Sendi kvartandi í kjölfarið, inn formlega kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 13. mars. Lýsir kvartandi málavöxtum á þá leið að kvartað sé yfir meðferð póstsendinga sem Íslandspóstur flytur. Nánar tiltekið segir í kvörtuninni:

„Undirritaður hefur sent kvörtun til Íslandspóstshf. vegna meðferðar póstsendingar sem undirritaður fékk frá Bandaríkjunum í upphafi árs og fengið svarbréf frá Íslandspósti vegna málsins. Málið snýst um bréf sem undirritaður fékk og sendandi hafði lagt mikið á sig sett rúmlega 30 frímerki á umslagið og látið stimpla það með dagstimpli 31.12.2007. Starfsmenn Íslandspóstshf. límdu síðan límniða og plastvasa undir tollreikning utan á umslagið og eyðilögðu þannig tæplega 30 frímerki.“

Kvartandi tekur ennfremur fram að umrædd frímerki hafi sérstakt gildi fyrir sig þar sem þau hafi verið með dagstimpli 31.12.2007, sem þau hafi verið ætluð í frímerkjasafn sitt. Eðli málsins samkvæmt sé ekki hægt að fá viðkomandi stimpil á frímerki af þessari gerð á nýjan leik.

Kvartandi sendi fyrirspurn um stöðu málsins til stofnunarinnar þann 15. maí, þar sem honum höfðu ekki borist neinar upplýsingar um stöðu málsins. Þann 28. júlí, barst stofnuninni annað bréf frá kvartanda dags. 21. júlí, þar sem hann ítrekaði fyrirspurn sína um stöðu málsins.

Með bréfi, dags. 31. júlí, var Íslandspósti hf. gerð grein fyrir því að meðferð málsins hefði dregist vegna mikilla anna innan stofnunarinnar, auk þess sem fyrirtækinu var gerð grein fyrir að stofnuninni hafi áður borist bréf vegna málsins, og fyrirtækinu gefinn kostur á því að leggja fram frekar sjónarmið vegna málsins, áður en afstaða Póst- og fjarskiptastofnunar lægi endanlega fyrir. Var kvartanda sent afrit af bréfinu til Íslandspóstshf.

Í svarbréfi Íslandspóstshf., dags. 14. ágúst, segir að af hálfu Íslandspóstshf. væri ekki að sjá tilefni til þess að svara erindi kvartanda með öðrum hætti en þegar hafði komið fram, sbr. svarbréf fyrirtækisins til kvartanda, dags. 15. febrúar 2008.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 22. ágúst 2008, var kvartanda tilkynnt um að það væri álit stofnunarinnar að Íslandspóstur hf. hefði ekki gerst brotlegt við lög nr. 19/2002 um pósthjónustu við meðferð umrædds umslags. Í bréfi stofnunarinnar kom eftirfarandi rökstuðningur m.a. fram:

„Póst- og fjarskiptastofnun telur afar óheppilegt að svo hafi háttað til að umrædd frímerki hafi orðið fyrir tjóni við pósthöndlun og viðurkennir að frímerki geti haft fjárhagslegt gildi.“

Um pósthjónun er fjallað í lögum nr. 19/2002 um pósthjónustu. Löggin eru að mestu leyti hljóð um meðferð umbúða og frímerkja að því undanskyldu að í 34. gr. segir að sendanda beri að ganga tryggilega frá póstsendingum sem afhentar eru póstrekingum í umbúðum. Í því felst einnig að póstrekingum er veitt heimild til að hafna póstsendingum ef talin er hætta á því að innihald og umbúðir geti skemmt í meðförum vegna lélegs frágangs.

Hins vegar verður ekki hjá því komist að pósthjónun er nauðsynlegt, til þess að geta sinnt starfi sínu, að líma viðeigandi merkingar við meðhöndlun póstsendinga, svo þær megi komast á áfangastað. Frágangi umrædds umslags var háttað með því móti að frímerki þöktu stóran

hluta umslagsins og því ekki mikið svigrúm til venjubundinnar pósthöndlunar, án þess að frímerkin bæru þess einhver merki.

Þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun skoðað þau ákvæði sem kvartandi vísar til og telur þau ekki eiga við í máli þessu.

Með vísan til ofangreinds ber að telja að Íslandspósti hf. er heimilt að meðhöndla, líma og merkja póstsendingar við meðhöndlun og dreifingu eftir því sem þurfa þykir, til þess að þær komist á leiðarenda.“

Var bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar svarað með bréfi dags. 8. september, þar sem kvartandi óskaði eftir að fá rökstudda og kæránlega ákvörðun í málinu.

III.

Sjónarmið málsaðila

3.1 Sjónarmið kvartanda

Í kvörtuninni frá 13. mars gerir kvartandi m.a. grein fyrir sjónarmiðum sínum með svofelldum hætti:

„Í 24. grein laga um pósthjónustu segir að póstrekingur skulu tryggja örugga meðferð póstsendinga, þá segir í 31. grein að póstsending teljist vera í vörslu póstrekinga og á ábyrgð hans frá móttöku þar til hún hefur verið afhent sem og að sendandi teljist eigandi póstsendingar þar til hún hefur verið afhent viðtakanda.

Í 34. grein segir að ganga skuli tryggilega frá póstsendingum sem afhentar eru póstrekingum í umbúðum og að póstrekingur geti hafnað því að veita póstsendingum móttöku ef hættu er talin á að umbúðir skemmist í höndum póstrekinga.

Í 49. grein segir að starfsmönnum við pósthjónustu sé óheimilt að rífa upp, ónýta eða skjóta undan póstsendingum.“

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 22. ágúst 2008, var kvartanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við sjónarmið Íslandspósts hf. Í svarbréfi sem barst stofnuninni 8. september, bætir kvartandi ennfremur við eftirfarandi athugasemdum:

„Í 49. grein laga nr. 19/2002 er skýrt kveðið á um að starfsmönnum við pósthjónustu sé óheimilt að rífa upp, ónýta eða skjóta undan póstsendingum, eða ónýta, aflaga eða skjóta undan skeytum sem veitt hefur verið móttaka til útburðar. Það er því ljóst að starfsmenn við pósthjónustu hafa enga heimild til að aflaga eða ónýta sendingar sem hafa verið móttækin til útburðar.

Í 257. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 segir að hver, sem ónýtir eða skemmir eigur annars manns eða sviptir hann þeim, skal sæta sektum eða fangelsi.

Ekkert hefur komið fram í máli þessu af hálfu Íslandspósts um að ekki hafi verið tryggilega gengið frá sendingunni eða að umbúðirnar hafi verið lélegar. Ef svo hefði verið hefði Íslandspóstur væntanlega hafnað viðtöku sendingarinnar. Með því að veita sendingunni viðtöku hefur Íslandspóstur því samþykkt að umbúðirnar uppfylli þær kröfur sem fyrirtækið gerir til póstsendinga og talið sig geta komið sendingunni til viðtakanda án þess að

umbúðirnar yrðu fyrir tjóni. Ef að frímerkin sem á umslaginu voru hefðu verið þannig staðsett að starfsmenn Íslandspóstis hefðu talið að ekki væri hægt að merkja sendinguna á viðunandi hátt án þess að skemma frímerkin hefðu þeir átt að hafna viðtöku sendingarinnar.

Þá hefur Íslandspóstur ekki bent á neinar lagaheimildir sem heimila starfsmönnum fyrirtækisins að meðhöndla póstsendingar á hvern þann hátt sem þeim sýnist án nokkurs tillits til hver á viðkomandi sendingu. Allar lagaheimildir benda til að ekki megi á nokkurn hátt hrófla við póstsendingum þannig að þær verði fyrir tjóni enda eru þær eign sendanda þar til viðkomandi fær sendinguna en ekki eign Íslandspóstis enda skýrt kveðið á um eignarréttarákvæðið í lögum nr. 19/2002.“

3.2 Sjónarmið Íslandspóstis hf.

Afstaða Íslandspóstis hf. kemur fram í svarbréfi fyrirtækisins til kvartanda, dags. 15. febrúar 2008.

Í bréfinu segir að Íslandspóstur telji það leitt að kvartandi telji sig hafa orðið fyrir tjóni vegna meðhöndlunar á umslagi sendingarinnar. Umrædd sending hafi verið meðhöndluð með sama hætti og á við um aðrar sendingar sem koma frá útlöndum og eru með gjaldskyldt innihald. Þá tekur Íslandspóstur fram að af hálfu Íslandspóstis sé litið svo á að umslög séu umbúðir utan um innihald, og auk þess að bera með sér heimilisfang móttakanda verði að vera unnt að setja á það upplýsingar um greiðslu burðargjalds og ef um sendingu milli landa er að ræða, þá þarf ennfremur að vera unnt að koma kennimerkjum og eftir atvikum reikningum fyrir á umslagi. Frímerki eða strikamerking utan á umslagi sé staðfesting á því að greitt hafi verið fyrir burðargjald, en í póstpjónustunni sé ekki litið svo á að þar sé um sérstakt verðmæti að ræða að öðru leyti. Þá er einnig áréttað í bréfi Íslandspóstis að sendingar milli landa fari um margar hendur og því sé almennt óráðlegt að reikna með því að ysta lag eða umbúðir skili sér í upprunalegri mynd. Það sé því miður ekki hægt að tryggja. Íslandspóstur skuldbindi sig almennt til þess að koma innihaldinu til skila. Vekur fyrirtækið þó athygli á því að sé misbrestur á því, séu skaðabætur ekki greiddar vegna almennra bréfasendinga. Eigi að tryggja þær, þurfi að senda bréf í ábyrgðarpósti. Auk þess bendir Íslandspóstur á að sé ætlunin að fá umslag í hendur í upprunalegri mynd, sé hægt að láta stimpla frímerki í frímerkjasölu og senda svo í öðru umslagi á áfangastað. Þá er bent á almenna skilmála Íslandspóstis á vefsíðu fyrirtækisins: www.postur.is.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 31. júlí, var Íslandspósti hf. boðið að tjá sig um fram komna kvörtun. Svar Íslandspóstis hf. barst stofnuninni með bréfi, dags. 14. ágúst, þar sem segir að af hálfu Íslandspóstis hf. væri ekki að sjá tilefni til þess að svara erindi kvartanda með öðrum hætti en þegar hafði komið fram.

IV.

Forsendur og niðurstaða

i.

Í 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, kemur fram að verkefni stofnunarinnar séu m.a. að annast framkvæmd laga um fjarskipti og laga um pósthjónustu og hafa eftirlit með fjarskiptum og pósthjónustu, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Í 4. gr. framangreindra laga er nánar kveðið á um eftirlitsskyldu stofnunarinnar með fjarskiptafyrirtækjum og póstrekkendum, ákvæði þetta hljóðar svo:

„Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja og póstrekkenda, þar með talið fjárhagsstöðu þeirra, og skal fylgjast með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, skilyrði eða ákvarðanir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.“

Þá er í 10. gr. ofangreindra laga kveðið á um heimildir neytenda fjarskipta- og pósthjónustu til þess að bera fram kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar, hljómar ákvæði þetta svo:

„Telji neytendur fjarskipta- eða pósthjónustu, eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta, að fjarskiptafyrirtæki eða póstrekkandi brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um pósthjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi, getur hlutadeigandi beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka.“

Póst- og fjarskiptastofnun skal leita álits viðkomandi fjarskiptafyrirtækis eða póstrekkanda á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila á skjótan hátt. Náist ekki samkomulag skal úr ágreiningi skorið með ákvörðun.“

Samkvæmt ofangreindu hefur Póst- og fjarskiptastofnun skoðað málið á grundvelli laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun og laga nr. 19/2002 um pósthjónustu, þar sem fjallað er um póstflutning.

ii.

Póst- og fjarskiptastofnun telur afar óheppilegt að svo hafi háttað til að umrædd frímerki hafi orðið fyrir tjóni við póstmeðhöndlun og viðurkennir að frímerki geti haft fjárhagslegt og söfnunarlegt gildi.

Frímerki eru skilgreind í 10. mgr. 4. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu, á eftirfarandi máta:

„Frímerki: Tegund gjaldmerkis fyrir pósthjónustu sem er ávísun á ákveðna þjónustu. Öll frímerki skulu bera áletrunina „ÍSLAND“.“

Í lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 eru frímerki aftur á móti skilgreind sem vörur, sem greiða ber af virðisaukaskatt, þegar þau eru seld sem söfnunargripir, sbr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Samkvæmt því er ljóst að löggjafinn viðurkennir að ákveðin verðmæti geti falist í frímerkjum, og jafnvel þótt megingilgangur þeirra sé að greiða fyrir ákveðna þjónustu, geti engu að síður verðmæti falist í þeim eftir að þau hafa verið notuð í þeim tilgangi sem þeim er upphaflega ætlað, það er að greiða fyrir póstflutning.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ekki tekið undir þær skýringar Íslandspósts hf. að frímerki séu ekki sérstök verðmæti að öðru leyti en að þau séu staðfesting á því að greitt hafi verið fyrir burðargjald póstsendinga, enda rekur fyrirtækið sérstaka vefsíðu fyrir frímerkjasafnara og áhugafólk um frímerki, www.frimerki.is. Því má ætla að fyrirtækinu megi vera ljóst að frímerki geti þjónað öðrum tilgangi en eingöngu að vera staðfesting á greiðslu burðargjalds.

iii.

Lög nr. 19/2002 um póstpjónustu eru að mestu leyti hljóð um meðferð umbúða og frímerkja að því undanskyldu að í 24. gr. laganna segir að póstrekingum beri að tryggja örugga meðferð allra póstsendinga.

Sendandi telst vera eigandi póstsendingar þar til hún hefur verið afhent viðtakanda, sbr. 6. mgr. 31. gr. laganna. Þá segir í 5. mgr. 31. gr. laganna að póstsending teljist vera í vörslu póstrekinga og á ábyrgð hans frá móttöku og þar til hún hefur verið afhent á tilgreindum ákvörðunarstað. Póstrekingum er ennfremur veitt heimild til þess að hafna póstsendingum ef talin er hættá á því að innihald og umbúðir geti skemmt í meðförðum vegna lélegs frágangs. Í því felst einnig að sendanda beri að ganga tryggilega frá póstsendingum sem afhentar eru póstrekingum í umbúðum, sbr. 34. gr. laganna.

Þess má jafnframt geta að samkvæmt viðskiptaskilmálum Íslandspósts (aðgengilegir á www.postur.is), er gert ráð fyrir að gjaldmerki sé staðsett í efra hægra horn bréfsins utanáskriftarmegin. Umrætt umslag var aftur á móti þakið frímerkjum að stórum hluta, bæði framan og aftan á.

Kvartandi vísar í erindi sínu til 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þar sem segir að hver sem ónýtir eða skemmir eigur annars manns eða sviptir hann þeim skal sæta sektum eða fangelsi, og að auki 49. gr. laga nr. 19/2002 um póstpjónustu, þar sem er að finna reglu þess efnis að starfsmönnum við póstpjónustu sé óheimilt að rífa upp, ónýta eða skjóta undan póstsendingum sem veitt hefur verið móttaka til útburðar. Telur kvartandi að samkvæmt því sé ljóst að starfsmenn við póstpjónustu hafi enga heimild til að aflaga eða ónýta sendingar sem tekið hefur verið á móti til útburðar.

Ákvæði 49. gr. ber að túlka með hliðsjón af 137. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en það var sett í lög nr. 19/2002 um póstpjónustu sökum þess að starfsmenn Íslandspósts teljast ekki lengur til opinberra starfsmanna, og féllu því utan gildissviðs 137. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, áður en greininni var breytt með lögum nr. 54/2003. Með þeim var ákvæðið einnig látið ná til starfsmanna lögaðila sem fengið hafa opinbert leyfi til póstpjónustu eða til að annast fjarskipti á grundvelli slíks leyfis eða verktaka sem sinnir póst- eða fjarskiptaþjónustu á ábyrgð lögaðila. Samkvæmt 137. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, varðar það fangelsi allt að 3 árum ef starfsmaður sem hefur póst- eða fjarskiptaþjónustu á hendi, rífur heimildarlaust upp, ónýtir eða skýtur undan bréfum eða sendingum, sem afhent eru til flutnings með pósti. Í lögskýringargögnum með 137. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, segir að markmiðið með ákvæðinu felist m.a. að nokkru

leyti í því að vernda friðhelgi einkalífs, en auk þess að stuðla að því að tryggja hagsmuni sem tengdir eru bréflegum samskiptamáta manna á milli.

Þegar horft er til orðalags umræddra ákvæða og þeirra verndarhagsmuna sem þeim er ætlað að tryggja verður ekki séð að þau eigi við í því tilvikum sem hér um ræðir. Verður meðferð þess umslags sem hér um ræðir ekki jafnað við þá háttsemi sem lýst er í 49. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu, þrátt fyrir að frímerki hafi orðið fyrir skemmdum vegna merkinga Íslandspóstshf.

Þer meðal annars að líta til þess að sendingin komst á leiðarenda. Þá var frágangi umslagsins af hendi sendanda háttað með því móti að frímerki þöktu stóran hluta umslagsins og því ekki mikið svigrúm til venjubundinnar pósthöndlunar, án þess að frímerkinn bæru þess einhver merki. Ekki verður séð að meðferð við dreifingu og meðhöndlun umslagsins hafi falið í sér slíka vanrækslu eða ásetning að því megi jafna við brot á 24. gr. laganna. Þá verður ekki séð að meðferð sendingarinnar hafi að öðru leyti farið út fyrir þau mörk sem eðlileg geta talist eða brjóti í bága við önnur ákvæði laga.

Hvað varðar vísun kvartanda til 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er Póst- og fjarskiptastofnun ekki til þess bær að kveða upp úr um það hvort meðferð umræddrar sendingar hafi farið í bága við umrætt ákvæði. Það er í höndum dómstóla að skera úr um það.

iv.

Kvartandi vísar til skaðabótaábyrgðar Íslandspóstshf. í bréfi sínu til Íslandspóstshf. dags. 14. janúar 2008.

Íslandspóstur hf. vísar til þess að almennt séu ekki greiddar skaðabætur fyrir almennar bréfasendingar. Á þessi regla við stoð að styðjast í 39. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu þar sem skýrt er kveðið á um það að pósthjónuð er ekki skylt að greiða skaðabætur fyrir almennar sendingar sem glatast, hvort sem þær glatast að öllu eða einhverju leyti.

Sérstaka undanþágu frá þessari reglu er að finna í 45. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu, en þar segir að Póst- og fjarskiptastofnun geti í sérstökum tilvikum mælt fyrir um að pósthjónuð skuli þrátt fyrir ábyrgðartakmarkanir greiða skaðabætur fyrir pósthjónuð ef tjónið stafar af ásetningi eða stórfelldu gáleysi pósthjónuð eða starfsmanna hans. Hins vegar hefur því verið slegið föstu hér að framan að pósthjónuð á þeirri sendingu sem hér um ræðir hafi, með tilliti til atvika máls, verið innan þeirra marka sem eðlileg geta talist og ekki farið í bága við ákvæði laga nr. 19/2002 um pósthjónustu. Er því ekki um að ræða saknæma háttsemi, , hvort sem er með tilliti til gáleysis eða ásetnings, sem leitt getur til bótaskyldu pósthjónuð. Kemur 45. gr. því ekki til frekari skoðunar.

v.

Eins og áður segir getur Póst- og fjarskiptastofnun fallist á að það sé miður að umrædd frímerki hafi skaddast við meðhöndlun pósthjónuð.

Með vísan til ofangreinds er það á hinn bóginn niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að Íslandspóstur hf. hafi ekki brotið í bága við lög nr. 19/2002 um pósthjónustu, við meðferð umræddrar póstsendingar, enda sé nauðsynlegt ákveðið svigrúm við meðhöndlun þeirra vegna merkinga.

Ekki eru forsendur fyrir skaðabótaskyldu Íslandspósts hf. sbr. 39. gr. né samkvæmt 45. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu.

Ákvörðunarorð

Íslandspóstur hf. braut ekki gegn ákvæðum laga nr. 19/2002 um pósthjónustu með því að líma á umslag merkingar og plastvasa vegna almennrar póstmeðhöndlunar, þrátt fyrir að það hafi valdið skaða á frímerkjum á umræddu umslagi.

Þá er Íslandspósti hf. ekki skylt að greiða skaðabætur vegna tjónsins, sbr. 39. gr. og 45. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 2. október 2008

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Vera Sveinbjörnsdóttir